

Niunda alþjóðlega fornsagnaþingið á Akureyri, 1994

## Sturlunga minjar

Adolf Friðriksson

### I. Inngangur

Fornleifafræði á upphaf sitt að rekja til áhuga á fornþóknunum og sögu. Lengi voru Íslendingasögur hafðar að leiðarljósi, en á síðari árum hafa fornleifafræðingar kúvent og nú svellur þeim möður yfir hve ánetjaðir forverar þeirra hafa verið sögunum. Í stað þess að endurskoða hlutverk Íslendingasagna og sækja jafnframt á mið samtíðarsagna við rannsóknir á fornleifum, hefur rannsóknarhefðin gamla verið afskrifuð sem rómantísk hjávisindi.

Á öld tækniátrúnaðar hefur fornleifafræði víða glatað hinum upprunalegu tengslum við söguleg fræði, en af eðlislægri snarpvi hefur hún hlaðið á sig aðferðum úr fólum raunvísinda og félagsvísinda. Á hverju ári bætist við ný aðferð til að mæla eða greina visbendingar í mannvistarleifum. Kenningar, líkón og hugtök um hegðun manna og eðli samfélagsins eru notuð í æ ríkari mæli til að henda reiður á uppgraftargögnum.

Hvað sem öllum fyrirheitum nýgervinga líður, fjallar fornleifafræði um sögu og fólk og er því ekki síður brýnt að endurskoða og bæta hefðbundnar aðferðir og markmið.

Í þessari grein verður fjallað um vísindaleg markmið fornleifarannsóka á Íslandi í þeim tilgangi að skoða sambandið á milli sögulegra þóknunna og fornleifa. Verða ræddar hefðbundnar aðferðir og viðfangsefni sem rannsókuð hafa verið á grundvelli fróðleiks úr sögum og skoðuð dæmi um það efni. Jafnframt verður tekið á nýjum hugmyndum um forsögu Íslands er boða ný markmið í fornleifafræði, en þar er sögum úthýst. Verður loks velt vöngum yfir hlutverki Íslendingasagna og samtíðarsagna á tímum nýrra viðhorfa.

### II. Söguminjar

Frá upphafi rannsókna og fram yfir síðustu aldamót áttu Íslendingasögur hug og hjórtu þeirra er fengust við fornleifar. Um sannfræði Íslendingasagna var lítið efast, en mikið traust lagt á að rannsaka vísindalega svokallaða sögustæði og minjar frá söguöld. Markmið þessara rannsókna var að "auka þekking á hinum fornu sögum og síðum feðra vorra". Margvíslegar töftir frá ýmsum tímasteiðum Íslandssögunnar urðu að vitnisburði um landnám, heiðni, kaupskap og þinghald sögualdarmanna. Um þessar rannsóknir hefur verið fjallað á öðrum vettvangi og verður efni þessarar greinar því takmarkað að mestu við fornleifar Sturlungaaldar.

Fornleifar og staðfræði samtíðarsagna hafa lítið verið til

<sup>1</sup> Adolf Friðriksson: Sagas and Popular Antiquarianism in Icelandic Archaeology (Aldershot. Avebury, í prentun).

umræðu í íslenskum fræðum síðustu áratugi. Rannsóknir á Sturlungaminjum hafa verið fáar, einkum í samanburði við hinar fjölmörgu fornleifarannsóknir í ljósi - eða skugga - íslendinga sagna. Er þetta athyglisverð staðreynd, því ólíkt íslendingasögum segir Sturlunga frá samtímaviðburðum, þar sem frásögnin er í návigi við atburðarásina. Menning og saga Sturlunga er vissulega heillandi viðfangsefni í íslenskum fræðum, en aðferðum fornleifafræðinnar eru takmörk sett. Margir merkisviðburðir Sturlungaaldar eru þess eðlis að þeir skilja ekki eftir spor í jarðveginum. Hafa fornleifafræðingar fundið fast land undir fótum í rannsóknum á leifum bæjarhúsa, en fornleifafræðin hefur oft verið krafín sagna um staði, fólk og atburði sem þekktir eru í fornritunum. Gerðar hafa verið vettvangsrannsóknir á höfuðbólum Sturlungaaldar og stundum reynt að fanga þar einstaka atburði sögunnar. Grafnar voru prufuholur í gamlan bæjarhól á Flugumýri í Skagafirði og þar munu hafa fundist brunaleifar. Rústir sem nefnast Örlygsstaðir og eru í landi Viðivalla, hafa einnig verið viðkomustaður fornleifafræðinga. Á Hrafnseyri í lok 19. aldar var bent á kirkjutóft og leifar af skála Hrafn Sveinbjarnarsonar. Hrafnseyrarmínjar hafa ekki verið rannsakaðar í seinni tíð og eru hugmyndir um aldur þeirra og samband við tíð Hrafn eingöngu reistar á munnmælum. Fornleifafræðingar hafa einnig fálmað eftir merkum einstaklingum úr sögum og gripum úr þeirra fórum.

Um árið 1881 fannst snældusnúður í matjurtagarði í Hruna. Á snúðinum er eftirfarandi rúnaáletrun: "Þóra á mig". Í upphafi ferils síns við Þjóðminjasafnið brá Kristján Eldjárn á leik með þá gömlu hefð í minjafræði að finna eiganda snúðsins. Honum varð ekki skotaskuld úr því að eigna hann Þóru Guðmundardóttur í Hruna. Þóra þessi er okkur vel kunn úr Sturlungu. Hún var kona Þorvalds Gissurarsonar, og móðir Gissurar jarls.<sup>2</sup>

Í Hjarðarholti í Dölum um aldamótin síðustu, kom í leitirnar steinn með eftirfarandi rúnaáletrun: "Hér liggur Hallur Arason". Fyrr á öldinni kitlaði það fræðimenn að telja þetta vera grafskriftina yfir Halli Arasyni sem getið er í Sturlungu og bjó á Jörfa, eða þá nafna hans á Höskuldsstöðum. Aldur áletrunarinnar er óþekktur, en kenningin um Hall á Jörfa var á sínum tíma notuð til að ákveða aldur rúnaristunnar.<sup>3</sup> Tilgátur sem þessar er sjaldan hægt að taka alvarlega og nánast ógerningur að staðfesta sannleiksgildi þeirra. Þó má finna dæmi um að borin hafi verið kennsl á einstaklinga úr fornöld með sannfærandi árangri. Er það fundur steinkistunnar göðu sem kom í ljós við uppgröftinn í Skálholti, væntanlega með jarðneskum leifum Páls biskups Jónssonar.

Kristján Eldjárn benti á fyrir löngu að íslendingar yrðu ekki töfraðir af að virða fyrir sér forngripi "sem þöglul

<sup>2</sup> Gengið á reka. Ak. 1948, bls. 139-147.

<sup>3</sup> Anders Bæksted. Íslands runeindskrifter, Kh. 1942, bls. 138-140.

vitni um nafnlausu menn liðinna alda". "Við erum á kafi upp fyrir eyru í bókmenntasögu og persónusögu, og þessir tveir hnúkar byrgja okkur almenna menningarsögulega sýn".<sup>4</sup> Greining Kristjáns á viðhorfum Íslendinga átti vel við um miðja öldina, en rannsóknir á söguminjum eru að jafnaði ekki lengur stundaðar, enda skila þær sjaldnast trúverðugri niðurstöðu. Fornleifar eru ekki aðeins heimildir um sögustaði eða persónur, heldur eru þær menningarsögulegar heimildir. Átti Kristján sjálfur ekki sist þátt í að snúa fortíðaráhuga fólks í þá átt með framlagi sínu til vísinda og fræða. Áhugi á að finna "skála Hrafns", hefur vikið fyrir rannsóknum á hibýlaháttum á miðöldum. "Snúður Þóru" gegnir sínu hlutverki sem vitnisburður um tóskap Íslendinga og rúnaklapp, fremur en sem meintur minjagripur um sögufræga konu. Þó að forngripir sem þessir hafi glatað sögulegum heiðri og áru, er hið almenna menningarsögulega gildi þeirra óvefengjanlegt. Hér verður ekki staldrað lengur við fornminjar sem (þjóð)sögulega minnisvarða, heldur hugað að þeim í hlutverki sínu sem viðfangsefni í vísindum.

Rannsóknir á íslenskum fornleifum hafa verið unnar í forgrunni söguvísindisins sem ritheimildir og sagnfræðirannsóknir hafa skapað. Kristján Eldjárn hefur líkt fornleifafræðinni við hjáleigu, þar sem íslensk fræði eru höfuðbólíð. Löng hefð er fyrir því að söguleg þekking skapi viðfangsefni í fornleifafræði og til þessa hafa fornleifafræðingar ekki dregið upp stórkostlega óvænt fyrirbæri til rannsókna. Í hugleiðingum um sögur og fornleifar er gagnlegt að skoða vandlega dæmi um hvernig þessar heimildir um fortíðina hafa spunnist saman. Sem fyrr skulum við halda okkur við rannsóknir á Sturlungaminjum. Hér verður aðeins skoðaður einn hópur minja, þ.e. virki, en hafa þau verið valin öðrum minjum fremur, þar eð þau eru það sérkenni á Sturlungatið er fornleifafræðingar hafa helst skoðað.

### III. Virkisleifar

Á síðari öldum hefur ýmis vitneskja verið tínd til um virkisleifar á Íslandi, en helstu rannsóknir á þeim sem um getur voru gerðar á ofanverðri 19. öld.

Hið svonefnda Borgarvirki liggur á milli Vesturhóps og Viðidals. Það er klettavigi úr stuðlabergi, um 10-15 metra hátt og um 50 metrar í þvermál. Í suðaustur er skarð sem hefur verið hlaðið í og ofan á brúnum eru grjóthleðslur. Inni í Borgarvirki eru mannvistarleifar, tvö tóftarbröt hlaðin úr stuðlabergshellum. Þar er einnig hola hnédjúp, sem talin er hafa verið brunnur. Ýmsir hafa lagt leið sína um þessar merku minjar og reynt að finna þeim stað í Íslandssögunni.

Björn M. Ólsen gerði rækilega vettvangsrannsókn þar um 1880, mældi upp tóftarbrötin og borgina. Reiknaði hann út að það hafi kostað um 200 dagsverk að gera borgina að vígi. Hann áætlaði jafnframt að þurft hafi um 150 manns til varnar. Hann gerði ráð fyrir að virkismenn hafi staðið 16

<sup>4</sup> Gengið á reka. Ak. 1948, bls. 139-140.

tíma vaktir og stóð heima að stærri tóftin gat rúmað um 50 manns til hildar. Minni tóftin gæti hafa verið birgðageymsla. En frá hvaða tíma? Björn var efins um að virki þetta gæti hafa verið frá Sturlungatíð. Helstu rök hans voru einfaldlega þau að Borgarvirkis er ekki getið í Sturlungu. Frá lokum söguldar allt til daga Hafliða Mátssonar, sem bjó í næsta nágrenni Borgarvirkis, taldi Björn hafa verið mikla friðsemisöld í héraðinu. Þó að Hafliði á Breiðabólstað hafi átt í deilum á öndverðri 12. öld, eru til nákvæmar frásagnir af þeim og virkisins ekki getið.

Einnig voru skærur milli Miðfirðinga og Viðdæla á öndverðri 13. öld, en virkið kemur ekki fram í frásögnum af þeim atburðum. Birni þótti verra að finna virkisleifunum ekki stað í sögunum, en lagði til að líklegast hefði það verið notað í átökum sem Heiðarviga saga getur um, þó að visu væri þess ekki heldur getið í þeirri sögu. Mannvistarleifar í Borgarvirki hafa ekki verið rannsakaðar með uppgreifti og við vitum því ekki hvort það er frá Sturlungaöld eða öðrum tímum.

Er Sigurður Vigfússon kom í Hvamssveit 1881 þótti honum þar vera "svo mikið viðburðahérað, að ekki verðr, sem maðr segir, stigið niðr fæti nema á einhvern merkan sögustað". Hann skodaði þar ýmsar minjar frá söguöld og í Hvammi var honum vísað á "virkið" sem getið er í Sturlungu<sup>5</sup>:

"Fyrir ofan bæinn í Hvammi er nokkur upphækkun, sem nú er kallað virki eða virkisbali", en Sigurði þótti ólíklegt "að þetta sé leifar af virkinu, sem Sturla lét gera «um húsin í Hvammi». Þar til sýnist þetta vera of lítið."<sup>6</sup> Þarna hafa munnmælin reist Hvams-Sturlu og hernaðarbrólti hans minnisvarða hjá bænum í Hvammi. Sigurður var ekki ginnkeyptur fyrir öllum munnmælum, þó svo að þau væri að finna í samhengi við vel þekktan stað úr Sturlu sögu.

Sigurður fór í rannsóknarferðir um Vestfirði árið 1882 og 1888 og hugði að sögulóðum Íslendingasagna. Hann kom á Hrafseyri við Arnarfjörð og skræði hjá sér nokkrar athugasemdir varðandi Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar. Taldi hann sig sjá ýmis ummerki frá Sturlungaöld, þ. á m. niðursökknar og vallgrónar tóftir kirkju og skála Hrafns Sveinbjarnarsonar. "Þetta er fornlegt mjög og útflatt og komið í þúfur". Sem kunnugt er af Sturlungu hafði Hrafn "látið gera virki mikið og gott úr grjóti um þæ sinn" (bls. 920), en Sigurður fann engin ummerki um það.

---

<sup>5</sup> Sturlunga saga. Ritstjóri Örnólfur Thorsson. Rv. 1988, bls. 74. Í greininni verður héreftir vitnað til þessarar útgáfu í meginmáli (innan sviga).

<sup>6</sup> Sigurður Vigfússon. "Rannsókn í Breiðafjarðardölum ...". Árbók hins íslenska fornleifafélags 1882, bls. 75.

<sup>7</sup> Sigurður Vigfússon. "Rannsókn á Vestfjörðum 1888". Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892, bls. 136.

<sup>8</sup> Sigurður Vigfússon. "Rannsókn um Vestfirði 1882..." Árbók

Sigurður fór um Borgarfjörð 1884 og kom við í Reykholti og skimaði m.a. eftir leifum virkisins sem Snorri Sturluson hafði látið gera. Eftir nokkra vettvangsrannsókn komst hann að raun um að þar væru engar virkisleifar heldur.<sup>9</sup>

Sigurður fór um Húnavatnsþing og Skagafjörð árið 1886 með viðkomu á Flugumýri og þar bar viðleitni hans árangur. Í Sturlungu (bls. 659) er getið um virki fyrir ofan bæinn. Upp undan bænum á Flugumýri er höll með meintum virkisleifum. "Hóll þessi er mjög brattr umhverfis, enn nokkuð flatr að ofan. Efst utan í hólnum sést fyrir ferskeyttri girðingu úr grjóti, og má rekja hleðsluna allt í kring. Þetta er gamalt og mjög niðrökkið, og eru víða í hleðslunni mjög stórir steinar, enn þó einkum í hornunum." Sigurði taldist girðingin vera um 13 faðmar á annan veginn en á hinn 11 faðmar og "... enn sýnist vera uppi á hólnum innan girðingarinnar einhverjar tóftarleifar." Munnmálin og örnefnið gáfu þessum minjum merkingu sína: "Þessi girðing er enn í dag mann fram af manni kölluð Virki."<sup>10</sup>

Daniel Bruun var danskur liðsforingi og mikill áhugamaður um fornleifar. Hann fór í marga rannsóknarleiðangra til Íslands, þann fyrsta árið 1896 og hóf þegar samstarf við Fornleifafélagið. Frásagnir í sögum um virki Sturlungaaldar vöktu áhuga hans og gerði hann vettvangsrannsóknir á slíkum stöðum þegar í fyrstu leiðongrum sínum.

Kom Daniel Bruun við á Flugumýri og gerði upprátt af mannvistarleifum á Virkishóli og lýsir þeim svipað og Sigurður áður. Þá fór hann einnig á Viðimýri, þar sem "var kastali sá er Snorri Sturluson lét gera" (bls. 319). "Á Viðimýri liggur virki í túninu u.þ.b. 70 álnir austur af kirkjugarði. Það er ferhynd lág upphækkun, 12 - 15 álnir í þvermál. Virki þetta heitir "Kastali", en líkist einna helst hústöft".<sup>11</sup>

Bruun barst viðbending um að fornar viggirðingar væru einnig á Hafsteinsstöðum og í Vík í Skagafirði. Báðir þessir staðir eru nefndir í Sturlungu, en þar er ekki getið um átök eða vígi. Í kringum bæinn í Vík voru leifar "af fornum og mjög útflöttum garði", um 100 fet í þvermál frá norðri til suðurs, en um 150 fet frá austri til vesturs. Innan garðs var slétt flöt en utan hans hallaði landinu lítillega. Sást einkum austur- og vesturhluti garðsins, en í norður hvarf hann undir mikinn öskuhaug, um 5 feta háan. Bruun taldi þessa veggj ekki geta hafa verið fúngirðingar þar sem honum þótti þeir liggja of nærri bæjarhúsum. Honum

---

hins íslenska fornleifafélags 1883, bls. 39.

<sup>9</sup> Sigurður Vigfússon. "Rannsókn í Borgarfirði 1884". Árbók hins íslenska fornleifafélags 1884-1885, bls. 118.

<sup>10</sup> Sigurður Vigfússon. "Rannsóknarferð um Húnavatns og Skagafjarðar sýslur 1886". Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892, bls. 89.

<sup>11</sup> Daniel Bruun. Fortidsminder og Nutidshjem, Kh. 1928, bls. 108.

þótti "... sennlegast að þetta hringgerði hafi verið virki frá elstu tíð - jafnvel Sturlungaöld - þá er átök voru hér um sveitir".<sup>12</sup>

Á Hafsteinsstöðum gerði Bruun öllu umfangsmeiri rannsókn og hóf þá nýlundu að kanna meintar virkisleifar með uppgrefti. Hann taldi gerðið í kringum bæinn hafa verið um 200 fet að þvermáli, frá norðri til suðurs, en um 100 fet frá austri til vesturs. Bærinn stendur á hól, fremur bröttum á alla vegu nema að vestan. Þar hafði verið hátt gerði er bóndinn hafði nýverið sléttað. Að sögn bóndans hafði það verið um 6 álna breitt og rúmlega 2 álnir á hæð, hlaðið úr torfi og grjóti. Veggjaleifarnar voru öllu greinlegri á austurhlíð hólsins, þar sem enn var að finna stóran hluta veggjarins, og var hann allt að tveggja feta hár. Ofan á honum að austanverðu hafði safnast upp stór öskuhóll. Bruun gróf könnunarskurð í vegginn í gegnum öskuhólinn að austanverðu og einnig þar sem veggurinn hafði verið sléttaður. Undir öskuhaugnum var gerðið um 5 feta hátt og virðist hafa verið 5 - 9 feta breitt. Uppgröfturinn leiddi í ljós að veggurinn hafði verið reistur á e.k. steinsökkli. Í veggnum fundust víðarleifar en líklega voru þar aðskotahlutir fremur en hluti af virkisveggnum. Innan við vegginn fannst steinhleðsla, e.k. stallur eða þrep, 2 fet á hæð og 3 feta breitt, sem Bruun áleit vera fótstall fyrir þá sem vörðu virkið. Í þversniði mænti veggurinn á "Skansevolde eller skyttegravsvolde fra vore Dage", skrifar Bruun. Virtist honum hæðin af stallinum og upp að brún hafa verið hin sama og fyrir fótgönguliða "okkar tíma", eða um 4 fet. Um aldur þessa gerðis var erfitt að ákveða, en Bruun taldi að hinn mikli öskuhaugur sem safnast hafði saman ofan á veggnum vitnaði um að virkið væri "afar fornt", jafnvel frá Sturlungatíð.

Áður en fjallað verður um árangur fornleifarannsóknna, skal vikið að heimildum í Sturlungasögu um virki.

#### IV. Virki í Sturlungu

Í Sturlungu er að finna um 25 staði á Íslandi þar sem reist hafa verið virki af einhverju tagi. Þeirra er fyrst getið varðandi atburði er gerðust árið 1170, og síðast árið 1257. Þó virki komi oft við sögu, gefur Sturlunga ekki skýra eða einfalda mynd af þeim. Ekki er getið um virki í öllum sögum Sturlungasafnsins. Þau koma einkum fyrir í frásögnum um stóráttök og mikinn liðsafnað, eða þegar getið er manna sem stóðu í mannskæðum deilum og þurftu að hafa vara á sér.

Virki voru einkum reist á bæjum, utan um bæjarhúsin eða í námunda við þau. Í Sturlu sögu segir t.d.: "...þá var gert virki um bæinn á Staðarhóli og þar byrgð í nautin of natur" (bls. 71), og einnig "... hafði Böðvar gera látið virki um bæinn í Tungu" (bls. 93). Ekki er auðvelt að draga gagnlegar ályktanir af svo almennu orðalagi um hvernig þessi

<sup>12</sup> Daniel Bruun 1928, bls. 108.

<sup>13</sup> Daniel Bruun 1928, bls. 106-108.

virki voru byggð eða hversu lengi þau stóðu. Hvamms-Sturla "...hafði látið gera virki um húsin í Hvammi" (bls. 74) sumarið 1170. Rúmlega hálfri öld síðar er enn getið um virki þar (árið 1227), er Þórður sonur Sturlu var þar kominn til mannaforráða. Svo kann að vera að í Hvammi hafi verið mikið virki sem stóð lengi (bls. 301). Sömu sögu er að segja um Sauðafell: Árið 1225 "...lét Sturla efna til virkis í Dölum sem enn sér stað. Safnar hann þar til mönnum um Dali og hafði þar fyrir mikið starf og kostnað" (bls. 295). Virki var enn hjá Sauðafelli árið 1257 (bls. 757-758).

Oft voru erjur háðar við sömu bæi aftur og aftur, en frásagnir þar um stangast á hvað virki varðar. Í Guðmundar sögu dýra segir frá deilum (árið 1187) Ónundar Þorkelssonar og Þorvarðar Þorgeirssonar á Helgastöðum, við Eyjólf Hallsson sem bjó á Grenjadarstað. Þar kemur fram að "hvortveggju höfðu virki um bæ sinn" (bls. 127). Ekki er auðvelt að ráða af textanum hvort hér hafi verið vegleg mannvirki eða ekki. Athygli vekur að á Helgastöðum, rúmum 30 árum síðar (1220), þegar sló í brýnu með biskupsmönnum og Arnóri Tumasyni og félögum, er virkis ekki getið. Íslendinga saga segir svo frá: "Síðan búast menn til varnar þar í kirkjugarðinum og báru að sér grjót mikið" (bls. 260). Ljóst er að kirkjugarðurinn hefur verið gott vígi því árasarmennirnir þurftu að beita mikilli herkænsku: "...gerðu þeir vigflaka af röftum og bera hann að lundi þeim er stóð sunnan að garðinum og grafa þar garðinn undir flakanum" (bls. 261). Þar sem voru góð vígi, þurfti tilfæringar við atlöguna. Á Grund í Eyjafirði var sótt að virkinu árið 1199 samkvæmt Guðmundar sögu dýra: "Þá gerðu þeir flaka yfir sér og höfðu ljá í langorfum og kraka og kræktu í virkisgarðana og brutu svo virkið og þeir brenndu hús eitt eða tvö" (bls. 169). Samkvæmt Íslendinga sögu voru aftur átök við Grund árið 1212 og hér ber sögunum saman um að þar hafi verið gott virki: "Guttormur Jónsson ... hljóp að virkinu og langt upp í vegginn svo að öxin náði á virkið og las sig svo upp" (bls. 229).

Það er ekki ástæða til að atla að virki á miðöldum hafi ætíð verið sérstakar byggingar, heldur hvaðeina er hentaði. Í upphafi Bajarbardaga í Borgarfirði, "skipaði Þorleifur þar líði sínu til varnar á húsum og um kirkjugarð" (bls. 391). Á svipaðan veg hefur Björn Þorvaldsson komið sér fyrir á Breiðabólstað í Fljótshlíð og hér höfum við nákvæmari lýsingu á viðbúnaðinum: "Þeir Björn höfðu búist um fyrir sunnan kirkju, höfðu lagt stórviðu frá stöðum þeim er voru við húsamótin forkirkjunnar og aðalkirkjunnar og aðra þar er mættust sönghúsið og kirkja og suður á kirkjugarðinn og skipuðu sér þar á milli og horfðu sumir austur en sumir vestur" (bls. 266).

Af frásögnum um virki og skyld mannvirki í Sturlungu að dæma hefur vigbúnaður verið á ýmsa vegu, allt frá einföldum varnarbúnaði til stórkostlegra mannvirkja.

Viða er getið um að menn hafi þurft að búast til varnar með skömmum fyrirvara. Skömmu fyrir Örlýgsstaðabardaga ráðlagði Sturla Sighvatsson bróður sínum Kolbeini á Viðivöllum að búast til varnar: "er það mitt ráð að þér farið upp á húsin því að hér er vígi á húsunum" (bls. 415). Léleg vígi gátu haft örlagaríkar afleiðingar í bardaga.

Daginn eftir var barist skammt frá Viðivöllum, í gerðinu sem bardaginn er nefndur eftir. Um það segir: "Sauðahús stóð í gerðinu. En garðurinn var lágur svo að það var öllu ekki vígi" (bls. 417). Þór og illa fyrir Sturlu og hans mönnum.

Það er sammerkt með lýsingum á viðbúnaði og virkjagerð að þær eru allar fremur stuttar. Virki eru Íslendingum nú fjarlæg og óþekkt og því lesa þeir frásagnir Sturlungu með spurnarsvip. Sagnaritarar miðalda hafa látið nægja að vísa til hinnar almennu hugmyndar um virki sem þá var þekkt en er nú glötuð. Í Sturlungu má reyndar finna ögn lengri frásagnir en þær sem áður hafa verið raktar, sem skýra þó ekki myndina mikið. Í Hrafn sögu segir: "Hrafn hafði gert virki mikið og gott úr grjóti um bæ sinn" (bls. 920). Síðan er virkisins getið á nokkrum stöðum í sögunni og loks þegar sótt er að Hrafn og hann veginn: "Og er þeir komu að virkinu þá settu þeir mann... á skjöld og lyfta skildinum upp á spjótaoddum á virkið. Síðan tók hann til við lás duranna og renndi frá slánum þeim er voru á virkishurðunni og lauk upp virkinu" (bls. 926).

Vitnisburður Sturlungu um virki kemur ekki alltaf fram við frásagnir af átökum og hernaði. Þau voru hluti af "landslagi" þessa tíma og komu við sögu í öðru samhengi: "Á Víðimýri var kastali sá er Snorri Sturluson lét gera... Þeir Kolbeinn og Sturla höfðu það að skemmtan að renna skeið að kastalaveggjum og vita hver lengst gæti runnið í vegginn. En er Sturla rann í vegginn gengu í sundur sinarnar aftan í fætinum og mátti hann nær ekki stiga á fótinn" (bls. 319). Það vekur athygli að varnarbyggingar hafi einnig verið kallaðar kastalar. Á Stökkum á Rauðasandi er virkið þar nefnt kastali (bls. 250-251). Ekkert bendir til að kastalar á Sturlungaöld hafi verið byggingar með öðru lagi eða gerð en önnur vígi eða virki.

Þegar á heildina er lítið er ljóst að Sturlunga gefur lítið upp um gerð virkja og á grundvelli hennar verður fátt sagt um þessar byggingar. Það er huggun harmi gegn að ekki verður efast um áreiðanleika þessara frásagna, því mörg dæmi eru um að höfundurinn sjálfur hafi verið á staðnum. Virkisins í Reykholti er fyrst getið í Íslendingasögu varðandi atburði árið 1235 (bls. 373): "Var þar skipað mönnum í virki um allan bæinn en örækju menn gengu um virkið og varð ekki að sótt." Þarna var Sturla Þórðarson höfundur sögunnar staddur. Síðar (1241) getur Sturli skáld þess hver hafi látið gera virkið: "Þá var virki öruggt um bæinn í Reykjaholti er Snorri lét gera." Þar var Sturla enn, en nú sem liðsmaður örækju og höfðu þeir stiga með sér til að komast upp í virkið (bls. 441-442). Árið 1253 er enn virki í Reykholti. Í Þorgils sögu skarða segir: "En er þeir komu að durum hvorumtveggjum voru þær bygðar rammelega. Þá tóku þeir það ráð að þeir lyftu Böðvari kampa upp á virkisvegginn og dró hann lokur frá hurðum" (bls. 622). Hér er freistandi að ætla að sama virkið í Reykholti hafi staðið enn og verið traust. Það er enginn hæðgarleikur að átta sig á hvað virki stóðu lengi því þau voru mismunandi að gerð og sjaldnast er getið um örlög þeirra.

Samkvæmt Íslendingasögu, var Hólabiskup tekinn höndum og geymdur í virki við Flugumýri árið 1254: "Þeir Oddur færðu biskup upp í virkið það er Kolbeinn ungi hafði gera látið.



Voru þar þá enn hús nokkur" (bls. 659). Sturla Þórðarson fór ásamt fleiri höfðingjum norður í Skagafjörð vegna þessa mannráns og er frásögnin frá fyrstu hendi. Við vitum ekki hvenær Kolbeinn reisti þarna virki, en hann var á Flugumýri frá um 1234, en dó 1245. Afdrif virkja frá Sturlungaöld eru ekki rakin í síðari heimildum. Við höfum engar samtímaheimildir um sögu rofs og eyðingar virkismúranna í aldanna rás, en geta fornleifarannsóknir ekki bætt upp þann missi að nokkru?

V. Torf, grjót og túlkun

Við erum nú ýmsu nær um heimildir um virki á Íslandi á 12. og 13. öld. Sturlungasaga getur virkja víða um land og saga fornleifarannsókna sýnir að á nokkrum stöðum hafa fundist meintar virkisleifar. Hér er rétt að minna lesendur á að tilgangurinn með þessum samtíningi öllum er ekki sá að finna virki Sturlungaaldar. Öllu heldur viljum við skoða aðferðina sem liggur að baki viðfangsefni í þeim tilgangi að komast að nýjum sannindum um gildi sagnanna í fornleifafræði.

Í hugleiðingum um fornleifar og sögur eru virki ögrandi rannsóknarefni. Svo virðist sem allt sé með felldu: Þeir staðir sem fornleifafræðingar hafa rannsakað gætu vel hafa verið virki frá Sturlungaöld. Saga fornleifarannsókna á Íslandi minnir á að fara ber að öllu með gát þegar Íslendingasögur og fornleifar eru saman leiddar. Um samtíðarsögur og fornleifar gegnir öðru máli, enda er þar komist hjá mörgum sannfræðilegum vangaveltum. Hér virðumst við hólpín: Ólíkt mörgum hugmyndum sem spröttnar eru úr sögulegum heimildum virðist hugtakið "virki" vera afar víðráðanlegt í fornleifafræði. Um virki eru til trúverðugar heimildir, merking orðsins er einföld og skýr og sjálf eru þau áþreifanleg. Virki voru e.k. varnargirðingar, reistar um eða við bæi. Ekki er ástæða til að efast um gildi frásagnanna, enda bjuggu sumir heimildamanna okkar innan virkismúra, eða héngu utan á þeim í stigum. Frá lokum Sturlungaaldar eru frásagnir af virkjum og virkisleifum af skornum skammti. Um 600 árum eftir að þau höfðu lokið hlutverki sínu, hófu fornfræðingar rannsóknir á þeim.

Í söguvitund Þjóðarinnar er Sturlungaöld tími hernaðar og átaka. Tákn um þessa söguskynjun eru m.a. mannvistarleifar sem taldar eru hafa verið virki. Þau eru minnisvarðar um merkan kafla í Íslandssögunni. Þekkingin um hina horfna tíð er varðveitt í sögum og minjum, og örnefni og munnmáli vísa okkur leiðina.

Fundist hafa veggjaleifar, sem kunna hafa verið virkishleðslur, í kringum bæjarhús eða í námunda við þau. Í sumum tilfellum er virkja getið þar í sögum, í öðrum tilfellum ekki. Sturlunga er ekki heildarskrá yfir "virkjaframkvæmdir" á Íslandi og því kunna að vera virkjaleifar á stöðum sem ekki er sagt frá í Sturlungu. Ekki hefur verið grafið þar sem getið er um virki í Sturlungu, en hins vegar hafa fornleifafræðingar grafið þar sem þeir hafa haldið vera virki, vegna líkingar minjanna við þá hugmynd. Að grafa samkvæmt forskrift hugmynda úr sögum getur verið vandasamt verk. Í fornleifafræði þarf að finna traustar vísbendingar í jarðveginum. Algengt er að tegundir

og safn forngripa sem finnst við rannsókn gefi slíkar vísbendingar og leggi þannig grunninn að túlkun rannsakingandans á aldri minja og hlutverki. Við rannsóknir á virkjum kemur þessi mikilvæga aðferð ekki að gagni, enda eru ekki til þeir gripir er einkenna virki öðrum byggingum fremur. Því verður að reiða sig á sjálfa bygginguna, lögun hennar og gerð. Önnur grundvallaraðferð í fornleifafræði er að bera kennsl á eðli minja með samanburði við þekktar minjar með sömu eða svipaða lögun. Enn er vandi á höndum, því ekki verða ákveðin nein sameiginleg einkenni af þeim fátæklegu rannsóknargögnum sem nú liggja fyrir. Auk þess er ljóst af Sturlungu að engin ástæða er til að ætla að virki hafi öll verið mjög svipuð að gerð. Öllu heldur hefur virkjagerð á hverjum stað markast af mörgum ólíkum þáttum, t.d. nærtæku byggingarefni, bolmagni virkismanna og eðli ófriðarins sem að höndum bar.

Loks skal enda þessar úrtölur með enn einni athugasemd um eðli og takmörk fornleifafræðilegra aðferða: Fornleifar eru forgengilegar. Á nokkrum stöðum hafa fornleifafræðingar ekki fundið tangur né tetur af miklum virkjum. Á Hrafnseyri velti Sigurður Vigfússon vöngum yfir þessu vandamáli. Hann komst að þeirri niðurstöðu að grjótið hafi verið borið burtu þegar virkið hafði lokið hlutverki sínu, "grjótið hefir verið notað til húsa, eða þá til girðinga, sem þar eru fyrir vestan bæinn". Í Reykholti var sömu sögu að segja. Þar var ekki minnsta vott virkisleifa að finna í lok 19. aldar. Um leið og virkin glötuðu hlutverki sínu voru þau "endurunnin" eins og það heitir nú, hver steinn borinn burt.

Þar athugasemdir sem hér hafa verið gerðar um virkismínjar eru ekki ætlaðar sem röksemdir gegn því að virki eða önnur hugtök úr Sturlungu verði kveikjan að rannsóknum í fornleifafræði. Hins vegar ber að fara að lögmálum heimildarýnninnar á þann veg sem að ofan er lýst. Hið gagnrýna viðhorf varðandi virkismínjar útilokar ekki mögulegan árangur á þessu sviði.

Virkisveggir hafa væntanlega verið reistir líkt og aðrar byggingar. Flestar byggingar á miðöldum voru úr sama efni, timbri, torfi, grjóti og mold. Það sem aðgreinir virkisveggi frá öðrum byggingum er að þeir hafa væntanlega verið völdugri en óbreyttir túngarðar og stekkir. Fornleifafræðingar hafa fundið meint virki, á stöðum þar sem Sturlunga getur um þau. Til þessa hafa eingöngu verið gerðar yfirborðskannanir á þessum stöðum. Árangur þeirra mæli ekki gegn sögunum. Ekki er óhugsandi að uppgröftur geti skorið úr um aldur og hlutverk þessara bygginga. Rannsóknir á virkisleifum eru enn á því forstigi sem fyrstu kynslóðir fornleifafræðinga komu þeim á. Flestir þeirra stada þar sem getið er um virki hafa aldrei verið rannsakaðir. Með rannsóknum og samanburði á nokkrum stöðum, er ekki óhugsandi að ný gögn og áhugaverð bætist í safn heimilda um virkjagerð á miðöldum.

<sup>14</sup> Sigurður Vigfússon 1883, bls. 39; 1885, bls. 118.

## VI. Nýjar leiðir - ný markmið

Rannsóknir og heimildir um virki Sturlungaaldar sýna að oft getur reynst erfitt að komast að trúverðugri niðurstöðu með sögum og fornleifum, jafnvel þó viðfangsefnið virðist vera áþreifanlegt og ritheimildirnar traustvekjandi. Í upphafi greinarinnar var getið þeirrar vaxandi tilhneigingar meðal fornleifafræðinga að vilja leggja sögurnar á hilluna. Má finna dæmi þess í fornleifaskýrslum að höfundar gefi yfirlýsingar um óskleg áhrif ritheimilda. Þeir hafa jafnframt leitað leiða til að vinna sitt verk óháð sögum og öðrum ritheimildum. eru sögurnar aðeins byrði? Er það rétt vísindaleg afstæða að þær beri að hunsast í fornleifafræði?

Þegar verk þessara gagnrýnenda eru skoðuð kemur í ljós að þeir hafa sleppt hendinni af sögubókum, en leitað á náðir félagsvísinda og er það áhugaverð nýlunda hér á landi, en gömul lumma erlendis. Rétt er að minna á að í fornleifafræði hafa vísindaheimspekilegar styrjaldir geislað í nokkra áratugi vegna þessa. Áhöld eru um hversu langt er hægt að teygja endamörk hinnar fornleifafræðilegu aðferðar. Fornleifafræði getur rakið einkenni og framvindu menningar, en hvað getur hún sagt um forn samfélög, stofnanir þeirra og verkan? Hvað hefur hún til málanna að leggja um hegðun einstaklinga eða hugarfar? Hér verða ekki fundin svör við þessum spurningum, en við skulum athuga hverju íslenskir fornleifafræðingar hafa fengið áorkað með sínum nýju viðhorfum og aðferðum.

Þrátt fyrir að finna aldrei fornleifar af óvæntum uppruna eða aldri, hafa fornleifafræðingar lengi verið með landnám Íslands á heilanum og jafnvel kosið að fjalla um samfélagsgerð landnámsmanna á grundvelli fornleifafræðinnar.

Margrét Hermanns-Auðardóttir setti fram á sínum tíma kenningu um landnám merovinga á Íslandi á 7. öld. Röksemdir fyrir þeirri aldursákvörðun verða ekki raddar hér, en sem kunnugt er hefur Margrét harmað einræði ritheimilda yfir þeirri mynd sem dregin er upp af fyrstu öldum Íslands byggðar. Hún boðar aðskilnað við ritheimildir og vill komast að sjálfstæðri fornleifafræðilegri niðurstöðu, sem síðar megi bera saman við aðrar heimildir.

Margrét hefur nú sett fram tilgátu um pólitíska og efnahagslega kjarna á Norðurlandi eystra á víkingaöld, með mögulegri framlengingu aftur til mervíkingaaldar.<sup>15</sup> Hér er komin ekki aðeins nýstárleg tilgáta um hinn tiltekna landshluta, heldur einnig ný aðferð til túlkunar á fornleifum og nýtt hlutverk fyrir fornleifafræðina. Margrét ræðir að vísu ekki um hvaða forsendur eru fyrir því að bera

<sup>15</sup> Á þessu hefur Margrét hamrað í doktorsritgerð sinni: Margrét Hermanns-Auðardóttir. Íslands tidiga bosättning. Umeå 1989, sjá t.d. bls. 1-2, 4, 141, 153, 158-161.

<sup>16</sup> Margrét Hermanns-Auðardóttir. "Fanns det ekonomiska och politiska centra på Íslands östra Nordland under yngre järnålder?" E. Mikkelsen og J.H.Larsen (ritstj.) Ökonomiske og politiske centra i Norden ca 400-1000 e.Kr. Universitetets Oldsaksamlings Skrifter. Ny række. Nr. 13. Oslo 1992.

kennsl á stjórnkerfi eða efnahag með aðferðum fornleifafræðinnar. Engu að síður er áhugavert að skoða hvernig hún fer að. Hún týnir til ólíka flokka fornleifa og reynir að nýta þá til að gefa efnahagslega og pólitíska heildarmynd. Að baki hinu efnahagslega og pólitíska valdi á svæðinu munu hafa legið verðmæti umframframleiðslu og útflutningsafurða. Þessi verðmæti höfðu verið sköpuð með aukinni nýtingu náttúruauðlinda, þ.e. í landbúnaði og við járngerð. Þessu öllu til staðfestingar er lagt til að minjar um seljabúskap, járnvinnslu, þinghald og kaupskap geti gefið okkur hinar nauðsynlegu vísbendingar. Okkur er ekki skýrt frá af hverju þessir flokkar minja voru valdir öðrum fremur til að birta okkur ásýnd hins forna samfélags. Grundvöllurinn að tilgátunni er sú staðhæfing að á svæðinu sé að finna fornleifar af þessu tagi. Ekki er sýnt hvernig bera má kennsl á þessa flokka með aðferðum fornleifafræðinnar. Ekki er að efa að fornleifafræðingar geti fundið ummerki um járngerð. Margrét tilfærir nokkur sliki dæmi og er ekki að efast um ágæti þeirrar niðurstöðu. En hvernig þekkjum við sel? Það er öllu snúnara. Sel eru væntanlega ekki svo stórkostlega frábrugðin bæjarleifum að alltaf verði hægt að greina þar á milli. Sem vísbendingar um kaupskap nefnir hún örnefnið "Kaupangur" og fornleifar á Gáseyri. Má vera að hægt verði að sýna fram á fyrri hlutverk mannvirkjaleifanna á Gáseyri með fornleifafræðilegum aðferðum, en hvernig er hægt að finna ummerki um umframframleiðslu og útflutning?

Þá er það stjórnarfar á Norðurlandi eystra. Hvernig eru ummerki um þinghald fundin? Í tilgátunni eru lagðir til fimm staðir. Enginn þeirra hefur verið rannsakaður síðan um aldamótin, en þessir staðir voru uppgötvaddir af fræðimönnum sem voru í leit að þingum sögualdar. Þessa heimildamenn sína hefur Margrét reyndar þegar staðið að þjóðernisrómantik, og er ekki ljóst hvers vegna verk þeirra hafa öðlast gildi nú. Í stað þess að beita heimildarýni á fyrirliggjandi gögn um þessa staði, telur Margrét brýnna að finna aldur minjanna í þeirri von að þar kunni að leynast merovingar undir steini. Af þeim minjaflokkum sem tilgátan um norðlenska pólitík og efnahag byggir á eru þingstaðirnir veikasti hlekkurinn.

Að þessu athuguðu er ljóst að tilgáta Margrétar er gagnslaus sem hugmynd um stjórnarfar og efnahagsmál norðlendinga á miðöldum þar eð hún hefur engan aðferðafræðilegan eða rökfræðilegan grunn að byggja á. Hins vegar vekur hún okkur til umhugsunar um raunhæf markmið í fornleifafræði - og takmörk.

Bjarni F. Einarsson hefur einnig hafnað sögum og leitað nýrra leiða. Hann álitur að innan fornleifafræðinnar sé unnt að þróa "kennningar um félagsleg tengsl og skipulag samfélaga", beita þeim síðan á fornleifar og finna þannig "sjálfstæða «visindalega» leið". Hefur hann nýverið birt

---

<sup>17</sup> Sjá nánar um þingminjar: Adolf Fridriksson og Orri Vesteinsson. "Dómhringa saga. Grein um fornleifaskýringar". Saga XXX - 1992, bls. 7-79.

hugmyndir sínar um félagslega hegðun fólks á Granastöðum á Eyjafjarðardal og er það frumlegasta viðleitni fræðimanns til túlkunar fornminja hér á landi frá upphafi vega.<sup>19</sup> Ad lokinni vandaðri rannsókn á vettvangi, hefur Bjarni ekki látið sér nægja að birta uppgraftargögn með hefðbundnum hætti, þ.e.a.s. að greina frá stærð og lögun húsa, fjölda og gerð forngrípa, aldri o.þ.h., heldur skyggnist hann einnig inn í hugarheim hinna fornu Eyfirðinga. Auk hins hefðbundna menningarsögulega fróðleiks telur Bjarni að hús og gripir geti sagt okkur sitthvað um hugmyndir fólks og hegðun. Í skjóli erlendra fræðimanna fær Bjarni að láni hugtök úr félagslegri sálfræði. Tilraunir hans á þessu sviði eru vissulega þess virði að árangur þeirra verði metinn. Hvers verður Bjarni vísari? Á Granastöðum fann hann skála frá 10. öld, jarðhús og þar hjá nokkur útihús. Hvað segja Granastadahúsin um félagslega hegðun Íslendinga á víkingaöld? Bjarni velur ekki skipulega ákveðna efnisþætti til umfjöllunar, en veltir upp ýmsum ólíkum flötum. Honum er tíðrætt um kynbundna hegðun, hluti og húsrými, enda hafa kynfræði ýmskonar tröllriðið félagslegri fornleifafræði síðustu ár. Hann telur sörvistölur, skrautsteina, snældusnúða, kljástaina og jafnvel hrafntinnubrot vera hluti sem einkum varða kvenmannsverk. Dreifing þeirra í húsakynnum sýni þ.a.l. hvar konur héldu til. Í gagnrýni sinni á þessa túlkun hefur Orri Vésteinsson lagt til að uppgröfturinn sýni að Granastaðir hafi verið kvennabær, þar eð fátt virðist um karlagripi.<sup>20</sup> Hann hefur einnig bent á að í máli Bjarna megi finna fullyrðingar af ýmsu tagi sem byggja ekki á rannsóknarniðurstöðum hans eða fornleifafræði yfirleitt. Sem dæmi nefnir hann þá skoðun að konur hafi körlum fremur notað sörvistölur, eða að bóndinn hafi setið í öndvegi og verið höfuð fjölskyldunnar.

Bjarni vísar hvernig til þess að hann byggji þessar og aðrar fullyrðingar á þekkingu sinni á íslenskri sögu, enda væri það gegn afstöðu hans gagnvart notkun þessháttar heimilda í fornleifafræði.<sup>20</sup> Í þeirra stað leitar hann á fjarlæg mið. Dregur hann langa nót og fær þar marga furðufiska: Fólk frá ofanverðri fornsteinöld, miðsteinaldarmenn, Túarega, Sama, Indjána og Inúíta. Bjarni minnir á að samanburður af þessu tagi hafi löngum verið umdeild aðferð, en notar hana engu að síður, m.a. til að styðja þá tilgátu að kerlingar á Granastöðum hafi haldið til vestan megin í skálanum næst útidyrum, enda hafi þar verið virðingarminnst sæta. Þar fann hann einkum téða kvennagripi.

Bjarni bendir á að rannsóknir af þessu tagi séu aðeins á

---

<sup>19</sup> Bjarni F. Einarsson. "Mið félagslega rými að Granastöðum". Árbók hins íslenska fornleifafélags 1992, bls. 51-75.

Orri Vésteinsson. "Athugasemdir...". Árbók hins íslenska fornleifafélags 1992, bls. 77-82.

<sup>20</sup> Sjá t.d.: Bjarni Einarsson. "Jaðarbyggð á Eyjafjarðardal. Víkingaaldarþærinn Granastaðir". Súluur 29 (1989), 22-77.

byrjunarstigi hvað norrænar minjar varðar, en hann er bjartsýnn á framtíð aðferða sinna. Hann telur að ekki verði einungis hægt að segja sitthvað um félagslega hegðun heima á bæ, heldur og gengur hann enn lengra: Ef fornleifafræðingar leita vísbendinga um hinn "félagslega arf", getur það leitt til nýrra uppgötvana um uppruna íslenska landnámsfólksins. Þetta hljóta að teljast djarfjar hugleiðingar um hlutverk fornleifafræðinnar, einkum ef haft er í huga hversu skammt Bjarni er á veg kominn með Granastaðabændur eina.

Tilraunir Margrétar og Bjarna í félagslegri fornleifafræði einkennast af fæni þeirra gagnvart íslendingasögum og rannsóknarhefðinni í íslenskri fornleifafræði. Niðurlagi þessarar greinar verður varið í hugleiðingu um ný markmið í fornleifafræði, ekki í anda hinnar nýju stefnu gegn sögum, heldur í leit að nýjum leiðum í samspili sagna og minja.

## VII. Niðurlag

Í sögu íslenskrar fornleifafræði má finna fjölmörg dæmi um fremur vafasaman árangur af því að tefla saman sögum og minjum. Til grundvallar gagnrýni af þessu tagi liggja efasemdir um sannfræði íslendingasagna. Í hugleiðingum um fornleifar og sögur lædist sá grunur að rannsakandanum að samtíðarsögur kunni að reynast öllu haldbetri í túlkun á minjum. Þegar þess er gætt að samtíðarsögur hafa notið meira trausts sem sagnfræðiheimildir, þyrlast upp áhugaverðar spurningar af ýmsum toga. Er unnt að beita samtíðarsögum við túlkun á fornleifum með trúverðugum árangri? Má jafnvel ganga svo langt að spyrja hvort tilraunir í þessa veru geti fundið íslendingasögum þar stað á nýjaleik? Það má til sanns vegar fara að ekki hafi reynt á gildi samtíðarsagna í fornleifafræði. Fornleifafræðingar hafa hlaupið framhjá þessum heimildum á flóttu undan áhrifum frá íslendingasögum.

Höfundur þessarar greinar hefur haldið fram á öðrum stað að minjarannsóknir séu tjóðraðar við hið sögulega baksvið og að tilraunir til að slita það samband fari jafnan út um þúfur.<sup>21</sup> Í stað þess að afskrifa einstakan flokk heimilda, ber fremur að leita leiða til að nýta allar heimildir til frekari skilnings á fornleifum.

Bjarni F. Einarsson varð af stórkostlegu tækifæri til að hefja nýjan kafla í sögu íslenskra fræða er hann kaus að einblína á félagslega hegðun fjarlæggra jarðarbúa fremur en að lita sér ögn nær. Íslendingasögur og Sturlunga eru safn etnógrafískra heimilda, m.a. um félagslega hegðun. Við íslendingar búum svo vel að eiga þjóðfræði frá miðöldum. Vilji fornleifafræðingar leggja orð í belg um samfélag, hegðun, hugarfar og þar fram eftir götunum, þá er ljóst að af nógu er að taka þá er sagnanna nýtur við.

Íslenskir fornleifafræðingar eiga einnig eftir talsvert óunnið verk hvað varðar textafræði og bókmenntafræði. Í stað þess að afskrifa fornþóknentir sem óaskilegan

<sup>21</sup> Adolf Friðriksson: "Sannfræði íslenskra fornleifa". Skirnir, haust 1994 (í prentun).

aðskotanlut, ber að leita skilnings á gildi þeirra. Hugleidda þarf áhrif hinna ýmsu ólíku þátta, svo sem fjarlægð höfundar frá sögutíma og frásagnarhátt. Skoða þarf lögmál frásagnar með hliðsjón af fornleifafræði. Hvernig er sagt frá hlutum og mannvirkjum, hvernig er sögusviðið sett?

Upplýsingar okkar um virki eru Sturlunga sögur og skýrslur fornleifafræðinga. Hvortveggja eru sögur um virki er lúta lögmálum frásagnar. Í sögum eru liðnir atburðir sviðsettir fyrir lesendur. Því má ekki gleyma að í grundvallaratriðum er túlkun í fornleifafræði einnig sviðsetning. Höfundur hins fyrrnefnda þarf að fella út upplýsingar til að gera sína frásögn meðfærilega og skiljanlega, fornleifafræðingurinn hefur aðeins brot og brot, og þarf sjálfur að fylla eyður í sinni frásögn.

Í fornri íslenskri sagnaritun, veraldlegri og skáldlegri, gerast atburðirnir á sögusviði miðalda. Leikmunir og búnaður í sögum, upplögnir eða sannir, mynda safn heimilda fyrir fornleifafræðinginn að rýna í. Gagnrýnendum hefur verið támt að afskrifa lýsingar í sögum sem gagnlegar heimildir þar sem þær voru skráðar nokkrum öldum eftir meinta atburði. Hvers vegna er texti og lýsingar 13. aldar ónothæfur um fyrri tíð í fornleifafræðilegu tilliti? Þess þarf að gæta að framvinda menningarsögu, ef svo má að orði komast, er langtum hægari en í atburðasögu.

Samspil fornleifa og sagna býður upp á mörg, heillandi tækifæri til að auka þekkingu okkar á menningu Íslands og sögu á miðöldum. Til að njóta þessara tækifæra þarf að leita skilnings á eðli heimildanna og bæta aðferðir við að beita þeim í íslenskum fræðum.